



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um það hver beri ábyrgð á seinkun stafrænnar umbreytingar á umhverfis- og skipulagssviði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fram hefur komið í svari frá þjónustu- og nýsköpunarsviði við fyrirspurn Flokks fólksins um hvernig verkefninu Átak í teikniskönnun miðar á umhverfis og skipulagssviði, þeim hluta sem snýr að skönnun. Einnig var spurt hvar ábyrgðin liggur í seinangangi stafrænnar umbreytingar á sviðinu. Fram kemur hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði að verkefnið sé í vinnslu og við svari um hvar ábyrgðin liggur í seinangangi stafrænna umbreytingar á umhverfis- og skipulagssviði kemur fram að ábyrgðin sé hjá umhverfis- og skipulagssviðinu sjálfu n.t.t. byggingarfulltrúa. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé rétt að sviðsstjóri og byggingarfulltrúi beri ábyrgð á að sviðið sé ekki komið lengra í stafrænni umbreytingu en raun ber vitni? Að um hafi verið að ræða seinangang í undirbúningi fyrir að meðtaka stafrænar lausnir sem þON bauð upp á? Frumkvæði stafrænnar umbreytingar á að koma frá sviðunum sjálfum, stjórnendum þeirra eins og segir í svari frá þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða þann 3. maí sl.

Svar:

Erfitt er að svara fyrirspurn þar sem notast er við ómælanleg hugtök eins og seinangang og snúa að umbreytingu á heilu sviði sem spannar fjölmargar skrifstofur, verkefni og starfsfólk. Margar breytingar hafa orðið undan gengin ár sem kynntar eru reglulega fyrir kjörnum fulltrúum og starfsfólki og margar breytingar eru framundan. Umbreytingar taka tíma. Kjörnir fulltrúar, starfsfólk og íbúar geta haft skoðun á hraða eða útfærslum en ekki er hægt að hrekja eða staðfesta óljósar fullyrðingar um seinangang eða það sem „raun ber vitni“. Bent er á fræðilegar greinar um áskoranir í breytingastjórnun, mikilvægi stefnu og stuðnings stjórnenda í stafrænum umbreytingum til frekari fræðslu um hvernig best sé að hvetja borgina áfram til framþróunar.

Virðingarfyllst,
Óskar Þór Þránínsson
Skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar